

Alþingi nefndasvið
Margrét María Grétarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12.11.2007
Tilv. 40.13
MP/gg

Tillaga til þingsályktunar um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri, 117. mál.

Landspítali (LSH) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar, mál nr. 117 um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri (HA).

Miðað er við að á yfirstandandi kjörtímabili verði menntamálaráðherra falið að sjá til þess að efla kennslu í heilbrigðisvísindum við HA.


Við HA er öflug heilbrigðisvísindadeild og hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun verið kennd við HA allt frá stofnun HA og er iðjuþjálfun ekki kennd við aðra háskóla hérlendis. Þá er þar starfrækt heilbrigðisvísindastofnun sem sett var á laggirnar 2002/2003. HA hefur verið brautryðjandi í fjarkennslu í heilbrigðisfræðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að skortur er á hjúkrunarfræðingum til starfa við heilbrigðisstofnanir hérlendis. Fjöldi hjúkrunarfræðinga fer á eftirlaun á næstu 10 - 12 árum. Aukin uppbygging í þjónustu við aldraða/langveika blasir við og mikilvægt að tryggja fagmenntað starfsfólk til starfa á þeim vettvangi. Brynt er að mæta aukinni þörf á komandi árum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er ágætlega rökstudd þörfin fyrir fleiri heilbrigðismenntuðum starfsmönnum og tekur LSH undir þær röksemdir. Þar er m.a. bent á að leita nýrra leiða í uppbyggingu náms í heilbrigðisvísindum, kennsla í þessum vísindum efla og námsplássum í hjúkrun fjölgað. Þá eru færð fram þau rök fyrir eflingu þessa náms, að 80% brautskráðra hjúkrunarfræðinga frá HA starfi á landsbyggðarsjúkrahúsum.

Með vísan til framanritaðs sem og greinargerðar með tillögunni mælir LSH með samþykkt þingsályktunartillögu um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri

Virðingarfyllst
f.h. Landspítala



Magnús Pétursson, forstjóri